



Alþingi
Menntamálanefnd
Austurstræti 8 - 10
150REYKJAVÍK

11.11.2005

Efni: Tillaga til þingsályktunar um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum, 14. mál

Tillaga þessi gerir ráð fyrir að Alþingi álykti að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd sem kanni gildi þess og gagn að auka náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, sem úrræðis gegn brottfalli nemenda í framhaldsskólum og fyrir farsælt náms- og starfsval. Þá er umræddri nefnd sérstaklega ætlað að kanna ástæður þess að svo stór hluti nemenda velur bóknám að loknum grunnskóla.

Samtök atvinnulífsins taka undir mikilvægi þess að sporna gegn brottfalli úr námi á framhaldsskólastigi og að stuðla að farsælu náms- og starfsvali. Þá er mikil sókn í bóknám, á kostnað verknáms og starfsnáms, áhyggjuefni í atvinnulífinu og mikilvægt að tryggja að síðarnefndu kostirnir séu bæði öflugir og vel kynntir fyrir nemendum.

Ekki er þó síður brýnt að efla námsráðgjöf fyrir þann stóra hóp fullorðinna sem ekki hefur lokið framhaldsnámi, en þann hóp skipa nær 40% fullorðins fólks á íslenskum vinnumarkaði. Í niðurstöðum greinargerðar þingsályktunartillögunnar segir einmitt að ljóst sé að brottfall nemenda og skortur á úrræðum fyrir þann hóp sem hættir kosti einstaklingana mikið, persónulega, fjárhagslega og félagslega, auk þess sem það hafi í för með sér kostnað fyrir skólakerfið og þjóðfélagið. Spyrja má um hvort þessi staða feli í sér eiginlegan kostnað nú fyrir skólakerfið, en mikil þörf er á að byggja brýr fyrir þennan hóp yfir í hið formlega skólakerfi. Að því verkefni er m.a. unnið á vettvangi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, sem rekin er af Samtökum atvinnulífsins og ASÍ í krafti þjónustusamnings við menntamálaráðuneytið. Þarna er þörf á átaki, meðal annars í formi framboðs á námsráðgjöf.

Efling náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum kann að vera leið til að ná framangreindum markmiðum þingsályktunartillögunnar að einhverju leyti og lýsa samtökin jákvæðri afstöðu til þess að sú leið verði skoðuð af hálfu menntamálaráðuneytisins.

Virðingarfyllt,

Guðstaf Adolf Skúlason
Forstöðumaður stefnumótunar- og samskiptasviðs